



Á döfinni

- 1. og 2. sept. – Sund.
- 7. og 8. sept. – Sund.
- 8. sept – Opið hús, 6. – 10. bekkur.
- 16. sept. – Skipulagsdagur.
- 20. -24. sept. – Foreldraviðtöl.
- 21. sept. – Skólabjónusta.
- 24. sept. – Grunnskólamót á Laugum, 7. - 10. bekkur.

Pistill skólastjóra

Heil og sæl

Lækkandi hitastig gefur til kynna að haustið sé í nánd og skólastarf við það að fara á fullt skrið næstu 9 mánuðina.

Fram að áramótum munu fastir viðtalstímar hjá mér í skólanum verða á milli 9:00 og 11:00 á mánudögum. Aðra daga verður tilfallandi hvenær ég verð á staðnum en alltaf er hægt að óska eftir viðtali eða skrifa mér tölvupóst.

Margt er á döfinni næstu mánuðina og aldrei lognmolla hjá okkur. Margar nýjungar í bland við hefðbundna siði og venjur Reykjahlíðarskóla. Ég vil hvetja ykkur til að fylgjast vel með tölvupóstum frá kennurum og lesa fréttabréfin.

Að lokum vil ég minna ykkur á að hafa samband við okkur í skólanum ef þið hafið einhverjar spurningar. Þið eruð ávallt velkomin á staðinn. Munið grímuskylduna (í bili).

Kær kveðja,

Hjördís

Grænfáninn

Reykjahlíðarskóli fékk Grænfánann afhentan föstudaginn 27. ágúst.

Allir nemendur og starfsmenn söfnuðust saman fyrir utan skólann þar sem Guðrún Schmidt, starfsmaður landverndar, afhendi grænfánanefndinni fánann. Grænfánanefndin dró fánann að húni og mun honum verða flaggað við sérstök tilefni í vetur. Skólinn fékk einnig afhentan grænfánaskjöld til að hengja utan á skólann.

Mínum á að láta
Egil skólabílstjóra
alltaf vita ef
nemandi ætlar ekki
með bílnum

2. – 3. bekkur

Í september munum við byrja að vinna með verkefnið Vinátta. Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti og helsta markmið þess er að skapa umhyggju og góðan félagsanda bæði meðal barna og fullorðinna með því að vinna markvisst og meðvitað að því að veita öllum tækifæri til þátttöku og virkni. Verkefnið byggist á þeirri grunnhugsun að samheldni og góður félagsandi fyrirbyggji útilokun og einelti og ávallt er gengið út frá því að ábyrgðin hvíli á hinum fullorðnu. Vinátta byggist á grunngildunum umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki og efnið er í senn ætlað starfsfólki, foreldrum og börnum og því er mikilvægt að virkja alla þessa hópa til að fyrirbyggja einelti.

4. – 6. bekkur

Í vetur munum við halda áfram með samþættingu ýmissa námsgreina, eins mikið og hægt er. Við munum vinna í nokkrum lotum og í september verður lögð áhersla á íslensku og landafræði, ásamt ensku hjá 5. og 6. bekk.

Um miðjan september byrjum við á lífsleikniverkefninu Krakkaspjall. Við byrjuðum á því á síðasta skólaári en ekki vannst tími til að klára það. Þar sem í hópinn hafa bæst nýir nemendur verður byrjað á því aftur frá gunni.

1. bekkur

Það er stór og kröftugur hópur sem kom í fyrsta bekk til okkar.

Við náðum að kynnst aðeins áður en sundkennslan á Laugum byrjaði sem stendur yfir þessa daga.

Börnin eru glöð, áhugasöm og dugleg. Samt er það heilmikið álag fyrir þau að vera innan um fleiri börn og læra svo margt nýtt. Sennilega eru þau vel þreytt þegar þau koma heim.

En það gengur mjög vel hjá þeim öllum og það mun verða mjög gaman hjá okkur í vetur.

7. – 10. bekkur

Áfram verður unnið í vetur að samþættingu, byrjum við á upplýsingatækni, þar sem farið verður í uppsetningu í excel, word, power point og fleira. Unnin verkefni því tengt og verða þau metin í íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og stærðfræði. Í lífsleikni erum við byrjuð á nýju dagbókarverkefni en markmið verkefnisins er að læra inn á sjálfan sig og tilfinningar sínar.

Heilsueflandi grunnskóli

Nú á haustdögum var ákveðið að sameina nefndirnar í heilsueflandi grunnskóla og grænfaða. Þetta gerum við vegna þess að verkefni þessara nefnda skarast tölvuvert og höfum fordæmi fyrir þessu í ördum skólum.

Dagskrá Reykjahlíðarskóla september 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
30.8. Fiskréttur og grænmeti.	31.8. Lasagne, hvítlauksbrauð og grænmeti. Sund.	1. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör. Sund. Opið hús 6.-10. bekkur. Akstur.	2. Indverskur réttur með kjúklingi, hrísgrjónum og nan brauði. Sund.	3. Pasta hlaðborð.	4.	5.
6. Soðinn fiskur, grænmeti og rúgbrauð.	7. Kjúklingaleggir, kartöflur, sósa og grænmeti. Sund.	8. Plokkfiskur, grænmeti og rúgbrauð. Sund.	9. Kjötbollur, kartöflur og sósa.	10. Grjónagrautur, slátur og brauð.	11.	12.
13. Fiskibollur, hrísgrjón, súrsæt sósa og grænmeti.	14. Hakk, spaghetti og grænmeti.	15. Silungur, kartöflur og grænmeti.	16. Skipulagsdagur. Nemendur í fríi.	17. Grænmetis lasagne.	18.	19.
20. Fiskur í karrýsósu, grænmeti og hrísgrjón.	21. Tortilla, hakk og grænmeti. Skólaþjónusta í heimsókn.	22. Fiskisúpa og brauð.	23. Bolognes bollur, pasta og grænmeti.	24. Skyr og brauð. Grunnskólamót á Laugum.	25. Foreldraviðtöl í þessari viku 20.-24. september.	26.
27. Fiskur í ofni og grænmeti.	28. Snitsel, kartöflur, sósa og grænmeti.	29. Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör.	30. Pasta Carbonara.	1.10. Kjúklingasúpa, sýrður rjómi og snakk.		